

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Nóaflóð



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus
Aðlagað af: M. Maillot; Tammy S.
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Nói var maður sem dýrkaði
Guð, en allir aðrir Vanvirtu
og óhlýðnuðust Guði. Guð
sagði við Nóa. "Vegna
spillingar mannkynsins mun ég
afmá allt líf af

jörðinni,"
Aðeins
þú og
fjölskylda
þín
munu
bjargast."



Guð varaði Nóa við að gífurlegt flóð mundi koma yfir alla jörðina. Og Guð sagði við Nóa. "Smíðaðu örk úr viði, bát nógu stóran fyrir fjölskyldu þína og fjölda dýra." Guð gaf Nóa nákvæm fyrirmæli. Nói hófst handa án tafar!





Sennilega
hefur
fólk

gert gys
að Nóa þegar
hann sagði
þeim frá örkinni. Á
meðan Nói hélt áfram
að byggja, sagði hann
fólkinu frá Guði, en
enginn hlustaði.



Nói hafði mikla trú.
Í þá daga var rigning
óþekkt fyrirbæri, en
Nói hafði óbifandi trú
á Guði. Svo kom að því
að örkin var fullsmíðuð
og tilbúin.



Þá birtust öll dýrin samkvæmt kalli Guðs. Sjö af
sumum tegundum og tvö af öðrum. Stórir og litlir
fuglar, og dýr af öllum tegundum og stærðum
komu um borð
í örkina.



Líklegt er að fólk þið hafi gert grín að Nóa er hann fyllti örkina af dýrum. Án þess að hafa nokkurn skilning á því sem var að ske, hélt fólk þið áfram að syndga gegn Guði.





Loksins voru öll dýrin komin um borð í örkina. Guð sagði við Nóa, "Komið þið nú, þú og fjölskylda þín í örkina." Nói, kona hans, synir hans þeir og konur þeirra, gengu nú öll um borð í örkina.





Þá kom hellirigning sem
dundi yfir jörðina fjörutíu
daga og fjörutíu nætur.
Flóðgáttir himinsins opnuðust
og regnið helltist yfir alla jörðina.
Ekki hætti að rigna fyrr en öll fjöll
voru komin í kaf. Allt sem hafði
lífsanda dó og var afmáð af jörðinni.



Vatnið óx og lyfti örkinni
upp á yfirborðið. Sennilegt
er að það hafi verið myrkur
og hálf draugalegt í örkinni,
en örkin verndaði Nóa fyrir
flóðinu.





Eftir fimm mánuði sendi Guð vind
til að blása yfir jörðina. Þegar
vatnið rénaði settist örkin á tinda
Araratfjalls. Núi hélt kyrru fyrir í
örkinni í fjörutíu daga á
meðan vatnið
var í
rénum.



Nói sendi hrafn og dúfu út um glugga arkarinnar.

Dúfan fann hvergi

þurran
stað
á




jörðinni og snéri aftur
til Nóa. Viku síðar reyndi
Nói aftur og snéri dúfan
til arkarinnar með grænt
ólífuviðarblað í nefinu.

Næstu viku vissi Nói að
landið var orðið þurrt
því dúfan kom
ekki til baka.




Guð sagði Nóa að tími væri kominn
til að yfirgefa örkina svo Nói og
fjölskylda slepptu dýrunum
frjálsum.



Nói hlýtur að hafa verið
yfir sig þakklátur.
Hann byggði
altari og færði
Guði brennifórn í
þakklætisskyni fyrir
að hafa bjargað sér og
fjölskyldu hans frá hinu
hræðilega flóði.





Guð lofaði Nóa
að hann mundi
aldrei aftur láta
flóð koma yfir
jörðina og tortíma
öllu lífi jarðarinnar.

Sem tákni þessa
loforðs setti Guð
regnbogann í ský
himinsins.



Eftir hið mikla
flóð hófu Nói og
fjölskylda hans nýtt líf á nýjum
stað, og frá þeim og þeirra
afkomendum byggðist öll
jörðin. Og frá Nóa og
börnum hans
eru

allar þjóðir
heimsins komnar.



Nóaflóð

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Fyrstu Mósebók 6-10

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





Endir



3



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

